



## Nefndartillaga um samstarf um stöðlun og reglusetningu í byggingaiðnaði

### 1. Tillaga nefndarinnar

Efnahags- og viðskiptanefnd leggur til að

Norðurlandaráð beini tilmælum til ríkisstjórna Norðurlandanna um

að skipa vinnuhóp undir forustu formennskulandsins í því skyni að samræma norræna fagmannahópa í byggingaiðnaði; með því meginmarkmiði að semja nýja sameiginlega staðla sem gætu orðið fyrirmynd að nýjum byggingarstöðlum innan ESB en jafnframt að beita sér fyrir norrænni stöðlun á reglugerðum og reglum/starfsháttum í byggingaiðnaði en nú fer slík vinna fram í hverju landi fyrir sig eða innan greinarinnar. Í fagmannahópunum verði m.a. fulltrúar viðeigandi yfirvalda, staðlastofnana og hlutaðeigandi menntastofnana auk annarra hagsmunaaðila innan greinarinnar og fulltrúa umræddra iðngreina;

að árlega verði haldnar ráðstefnur þar sem hagsmunaaðilar byggingaiðnaðarins ræði mikilvæg málefni á sviði húsasmíða með það fyrir augum að stuðla að samræmdum byggingamarkaði á Norðurlöndum.

### 2. Aðdragandi

Munur á byggingareglugerðum á Norðurlöndunum skapar stjórnsýslu-hindrun sem veikir samkeppnisfærni þeirra og dregur úr hagkvæmni í byggingariðnaði. Fyrir vikið verður húsnæði dýrara fyrir neytendur samtímis því að staða norræns byggingariðnaðar í alþjóðasamkeppni veikist, þar á meðal áhrif á stöðlun í Evrópu.

Aukakostnaður við nýbyggingar sem rekja má til munar á byggingareglugerðum landanna mun nema um 40-60 milljónum evra og er þá einungis Svíþjóð meðtalin. Í úttektinni sem *Norræna nýsköpunarmiðstöðin* lét gera

er ætlað að aukakostnaður á hvert íbúðarhúsnæði sé svipaður á hinum Norðurlöndunum.

Norðurlandaráð

Meginhlutverk vinnuhópsins sem lagt er til að stofna yrði að kanna leiðir til að samræma byggingareglur á Norðurlöndunum, þar á meðal að koma í veg fyrir að nýjar stjórnsýsluhindranir myndist milli landanna. Norrænu löndin gera ennþá mismunandi kröfur í reglugerðum sínum þrátt fyrir að þau innleiði einnig sömu evrópsku byggingastaðlana.

**A 1588/náring**

Lagt fram af:  
Efnahags- og viðskiptanefnd

Málsnúmer 13-00072-1

Þá getur vinnuhópurinn átt frumkvæði að því að norrænir staðlar verði fyrirmynd evrópskra staðla og auka þannig áhrif Norðurlandanna á stöðlun í evrópskum byggingariðnaði.

Norðurlandaráð

Í byrjun júní var skýrsla kynnt sem gerð var að tilstuðlan Svía þegar þeir gegndu formennsku í Norrænu ráðherranefndinni (NMR) og fjallar hún um mun á byggingastöðlum. Skýrslan tók fyrir staðla fyrir eftirfarandi þætti: raka, salarhæð, handrið, hurðir, glugga, aðgengi, hávaða og brunavarnir. Skýrsluhöfundar leituðust við að kortleggja tækifæri og áhættur sem fælust í samræmingu á byggingareglum á fyrrnefndum sviðum og eins hvernig breyta þyrfti löggjöf, reglugerðum og fyrirmælum, þar á meðal almennri ráðgjöf í löndunum. Niðurstöður skýrslunnar eru þær að aðstæður í löndunum mæli hvergi gegn því að samræma reglur, hins vegar gæti kostnaður við að breyta núverandi reglum og starfsháttum orðið hærri en ávinningurinn að breytingum á reglum og starfsháttum. Því er talið vænlegast að semja norræna staðla á sviðum þar sem lítið er um staðla eða starfshætti í löndunum. Þar gæti virðisauki falist í að samræma aðgerðir og þegar fram í sækir gætu norrænir staðlar orðið fyrirmynd evrópskra staðla. Til að ná markmiðinu er lagt til að koma á fundum norrænna fagmanna.

**A 1588/náring**

Lagt fram af:  
Efnahags- og viðskiptanefnd

Málsnúmer 13-00072-1

Þrátt fyrir að viss samkeppni ríki milli hagsmunaaðila í norrænum byggingariðnaði er þeim einnig hagur í að stöðlum fækki til frambúðar, einkum ef það yrði til þess að Norðurlönd gætu orðið fyrirmynd stöðlunar fyrir alla Evrópu. Því er mikilvægt að hlutaðeigandi aðilar hittist reglulega og skapaður verði norrænn vettvangur þar komið verði á samskiptum og þeim haldið við. Þá skiptir máli að norrænir fundir í byggingariðnaði verði ekki of almennir og hátíðlegir heldur gefist til dæmis tæknisérfræðingum kostur á að hittast til að ræða og þróa mál sem varða norræna staðla og framgöngu Norðurlanda á vettvangi ESB.

Heildarmynd mætti skapa með því að landið sem gegndi formennsku í norrænu samstarfi hverju sinni leiddi vinnuhóp sem skipulegði norræna ráðstefnu á ári hverju þar sem hlutaðeigandi aðilar í greininni ræddu mismunandi efni. Ráðstefnurnar og vinnuhópurinn yrði síðan í tengslum við ákveðinn fjölda fagmannahópa en þeir fjölluðu um mun á stöðlum og hugsanlegar úrbætur á sínu sviði, en á ári hverju ynnu þeir tillögur til úrbóta fyrir vinnuhópin sem miðlaði tillögum að pólitískum breytingum til stjórnmalamanna.

#### *Samræming á reglugerðum og stöðlum*

Hlutverk vinnuhópsins verði stöðugt að finna og samræma leiðir til að afnema stjórnsýsluhindranir með því að samræma norrænar reglugerðir og staðla í byggingariðnaði og samræma samstarf Norðurlandanna um að ná þessum markmiðum. Megináhersla verður lögð á eftirfarandi svið:

1. *Reglugerðir í byggingariðnaði:* Ekki er hægt að færa skynsamleg rök fyrir þeim muni sem er á byggingareglugerðum norrænu landanna. Lýsandi dæmi er stöðluð þrepahæð þar sem munurinn á milli Norðurlandanna getur verið allt að 10 mm - munur sem ekki er hægt að rökstyðja með loftslagsaðstæðum eða öðrum hlutlægum ástæðum heldur eingöngu gömlum vana. Einnig er munur

á kröfum sem gerðar eru til útreikninga á öryggi, burðarþoli og stöðugleika mannvirkja, á Norðurlöndunum en einnig í ESB-löndunum. Enn hafa Norðurlöndin ekki sameinast um að tryggja hlutlæg og vönduð rök fyrir því ef kröfur eru mismunandi eftir löndum.

Norðurlandaráð

#### A 1588/náring

Lagt fram af:  
Efnahags- og viðskiptanefnd

Málsnúmer 13-00072-1

Norðurlandaráð

#### A 1588/náring

Lagt fram af:  
Efnahags- og viðskiptanefnd

Málsnúmer 13-00072-1

2. *Betri nýting rammastaðla:* Oft er það svo að byggingareglugerðir á Norðurlöndum vísa ekki til sömu rammastaðla fyrir t.d. vottun á sjálfbærum byggingum, flokkun á loftgæðum innanhúss eða orkunýtni. Því verða aðilar í greininni að leggja fram ólík gögn eftir löndum því eiginleikar mannvirkja eru metnir á ólíka vegu.
3. *Þjóðarviðaukar við evrópska þolhönnunarstaðla (Eurocodes):* Norðurlöndin gera sífellt nýjar og ólíkar kröfur til burðarvirkja þrátt fyrir að margt er líkt með loftslagi og byggingahefð í löndunum. Ástæðan er sú að Norðurlöndin samræma ekki svonefnda þjóðarviðauka sína við evrópska þolhönnunarstaðla (*eurocodes*), en það eru staðlaðar aðferðir ESB við hönnun og útreikninga á burðarvirkjum.
4. *Kröfur til byggingavöru:* Framleiðandi setur CE-merkið til að sýna að eiginleikar vörunnar standist evrópska staðla. Í dag ber þó ekki mikill munur á kröfum sem Norðurlöndin gera hvert fyrir sig til ákveðinnar byggingavöru.

#### *Aukin áhrif Norðurlanda á evrópska byggingarstaðla*

Norðurlöndin mættu efla samkeppnisstöðu sína með því að taka forystuna í Evrópu við gerð hentugra staðla, einkum ef norrænir staðlar yrðu fyrirmynd evrópskra staðla. Þetta er raunhæft ef staðlarnir 1) *byggja á nýjustu og fullkomnustu tækni* og 2) eru þegar í notkun í nokkrum löndum (sem gerist sjálfkrafa ef um er að ræða sameiginlega norræna staðla).

Auðveldast er að semja staðla sem *byggja á nýjustu og fullkomnustu tækni* ef Norðurlöndin leiða saman þekkingu sína og eins myndi einsleitari markaður á Norðurlöndum þýða öflugri markaðsgerðir en þegar um fimm litla markaði væri að ræða. Báðir þættir myndu auka vægi og áhrif Norðurlanda á alþjóðamörkuðum, þar á meðal í Evrópu.

Einkum á sviði sjálfbærra húsasmíða þar sem alþjóðastaða Norðurlanda er sérlega sterk gefst löndunum nú tækifæri á að nýta þekkingu sína til að hafa áhrif á evrópska staðla. Staðla sem ráða miklu um hvernig norrænum aðildarríkjum ESB tekst að ná 2020-markmiðum sambandsins um orkunýtni og eins fyrir útrásartækifæri byggingariðnaðar á öllum Norðurlöndum enda er þess vænst að markaður sjálfbærra húsasmíða fari vaxandi á næstu árum, á Norðurlöndum, í Evrópu og um heim allan.

### 3. Umsagnarferli

Nefndartillagan var unnin í samráði við staðlaráð í norrænu löndunum en Dansk Standard hafði þar milligöngu og annaðist samráð við aðra aðila greinarinnar á Norðurlöndum.

### 4. Niðurstaða

Í ljósi þess sem hér hefur komið fram leggur efnahags- og viðskiptanefnd til að

Norðurlandaráð beini tilmælum til ríkisstjórna Norðurlandanna um

að skipa vinnuhóp undir forustu formennskulandsins í því skyni að samræma norræna fagmannahópa í byggingaiðnaði; með því meginmarkmiði að semja nýja sameiginlega staðla sem gætu orðið fyrirmynd að nýjum byggingarstöðlum innan ESB en jafnframt að beita sér fyrir norrænni stöðlun á reglugerðum og reglum/starfsháttum í byggingaiðnaði en nú fer slík vinna fram í hverju landi fyrir sig eða innan greinarinnar. Í fagmannahópunum verði m.a. fulltrúar viðeigandi yfirvalda, staðlastofnana og hlutaðeigandi menntastofnana auk annarra hagsmunaaðila innan greinarinnar og fulltrúa umræddra iðngreina;

að árlega verði haldnar ráðstefnur þar sem hagsmunaaðilar byggingaiðnaðarins ræði mikilvæg málefni á sviði húsasmíða með það fyrir augum að stuðla að samræmdum byggingamarkaði á Norðurlöndum.

Geta á Álandseyjum, 26. júní 2013

*Alf Egil Holmelid (SV)*

*Arto Pirttilahti (cent)*

*Billy Gustafsson (S)*

*Cecilie Tenfjord-Toftby (M)*

*formaður*

*Eero Suutari (saml)*

*Maria Tolppanen (saf)*

*Steingrímur J. Sigfússon (VG)*

*Tone Merete Sønsterud (A)*

*Torfinn Opheim (A)*

*Torgeir Trældal (FrP)*

*Wille Valve (MÅ)*

Norðurlandaráð

**A 1588/näring**

Lagt fram af:

Efnahags- og viðskiptanefnd

Málsnúmer 13-00072-1

Norðurlandaráð

**A 1588/näring**

Lagt fram af:

Efnahags- og viðskiptanefnd

Málsnúmer 13-00072-1